

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júní 2018 í máli nr. E-3505/2017:

**Íslenskir aðalverktakar hf.**

*(Othar Örn Petersen lögmaður)*

**gegn**

**Isavia ohf.**

*(Ólafur Örn Svansson lögmaður)*

1. Mál þetta var höfðað 2. nóvember 2017 og dómtekið 8. maí 2018. Stefnandi er Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9 í Reykjavík, og stefndi er Isavia ohf., Reykjavíkurflugvelli í Reykjavík.
2. Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða honum 45.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga af 40.500.000 krónum frá 30. júní 2015 til 30. september 2015 en af 45.500.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að þær verði lækkaðar og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.
3. Stefnandi tók að sér að reisa fyrir stefnda stækkun norðurbyggingar flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli að undangengnu útboði sem stefndi efndi til í desember 2014. Um var að ræða stækkun móttökusalar farþega í flugstöðinni. Byggingin var færð út og stækkuð til austurs um 10 metra á einni hæð auk kjallara. Alls var flatarmál viðbyggingarinnar um 726m<sup>2</sup>. Verkið fól í sér uppgröft og fleygun klappar, gerð steinsteypra sökkla og undirstöðuveggja, niðurstetningu forsteypra holplatna og yfirborðsfrágang, uppsetningu stálburðarvirkis og verksmiðjuframleidds gluggakerfis og frágang þaks og flísalagnar á gólfí. Verkinu var í útboðsgögnum markaður afar skammur tími og eins var ljóst frá öndverðu að það þyrfti að vinna við afar þröngar aðstæður vegna þess að unnið var í flugstöð sem var í fullum rekstri allan framkvæmdatímann. Tilboð í verkið voru opnuð 9. janúar 2015 og reyndist stefnandi vera lægstbjóðandi. Tilboði stefnanda var tekið með fyrirvara um að málið þyrfti ekki að fara til meðferðar kærunefndar útboðsmála. Þeim fyrirvara var aflétt 28. janúar 2015. Stefnandi hóf

framkvæmdir 2. febrúar 2015. Í útboðsgögnum var áætlun um framvindu verksins sem gerði ráð fyrir að gerð undirstaðna og gólfplötu skyldi lokið 15. apríl 2015, uppsetningu yfirbyggingar skyldi lokið 1. maí 2015 og frágangi flísalagnar og afhendingu verksins skyldi lokið þann 1. júní 2015. Verkið tafðist og dróst á langinn svo að því varð ekki endanlega lokið fyrr en 26. júlí 2015. Í málinu er deilt um ástæður tafarinnar og rétt stefnda til að krefjast sammingsbundinna tafabóta vegna hennar. Enginn ágreiningur er um útgefna reikninga stefnanda vegna verksins en stefnufjárhæðin er sú fjárhæð sem stefndi telur sér heimilt að skuldajafna á móti kröfu stefnanda vegna þeirra tafabóta sem hann telur sig eiga rétt á. Við aðalmeðferð málsins gáfu Höskuldur Tryggvason, yfirverkfræðingur stefnanda, Gunnar Smári Magnússon, fyrrum verkstjóri hjá stefnanda, Páll Svavar Pálsson, staðarverkfræðingur stefnda, og Erlendur Örn Fjeldsted, verkfræðingur frá Eflu verkfræðistofu, skýrslu fyrir dómi.

4. Stefnandi gerir kröfu um fullt uppgjör tveggja samþykktra reikninga sem stefndi hefur gert upp með frádrætti sem nemur tafabótum sem hann telur sig eiga rétt á, alls 45.500.000 krónum. Stefnandi telur stefnda óheimilt að innheimta tafabætur. Hann telur sig eiga rétt á alls 159 daga framlengingu á verktíma samkvæmt samningi aðila vegna sex tiltekinna atvika. Í fyrsta lagi telur stefnandi að honum beri fimm daga viðbótarverktími vegna þess að tölvarð á að unnt væri að staðfesta að verk gæti hafist. Í öðru lagi telur stefnandi að breytingar á hönnun, sem séu á ábyrgð stefnda, valdi 20 daga framlengingu verktíma. Í þriðja lagi telur stefnandi að tafir á endanlegum ákvörðunum um hönnun gluggakerfis valdi 57 daga lengingu verktíma. Í fjórða lagi er það krafa stefnanda að verktími verði framlengdur um 45 daga vegna þess að dráttur hafi orðið á að honum væru fengnar teikningar sem sýndu frágang gafla og tengingu þaks nýbyggingarinnar við hina eldri byggingu. Í fimmta lagi telur stefnandi að sér beri 14 daga framlenging verktíma með því að skort hafi útfærslu á tengingu þaks við eldri byggingu á tilteknu bili. Í sjötta lagi telur stefnandi að verktími lengist um tíu daga þar sem tenging flísalagnar við eldri flísar hafi ekki verið framkvæmanleg með þeim hætti sem gert var ráð fyrir af hálfu verkkaupa. Auk þessa telur stefnandi að sér beri átta daga framlenging vegna ýmissa atvika sem varða tíðarfar á verktímanum og vegna ófyrirséðra ráðstafana sem þurft hafi að gera til að styrkja eldri

byggingu stefnda þar sem viðbyggingin kom að. Alls er því krafa stefnanda um framlengingu verktíma 159 dagar. Þá telur stefnandi að stefndi hafi getað hagnýtt sér hluta verksins meðan á verktímanum stóð og að áætlun um framvindu verksins sem fram kom í útboðsgögnum hafi ekki verið eiginleg áfangaskipting. Vísar stefnandi sérstaklega í þessu sambandi til ÍST 30:2012, greinar 5.2.7, þar sem kemur fram að ef ekki hefur verið samið um áfangaskil og hluti verks er tekinn út sérstaklega og tekinn í notkun skuli endurskoða ákvæði um tafabætur. Í ljósi þessa telur stefnandi óhæfilegt að hann sé látinn bera tafabætur sem nemi næstum 20% verksamningsfjárhæðarinnar. Stefnandi byggir einnig á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og vísar til þess að tafabótakrafa stefnda sé ósanngjörn. Stefndi hafi getað hagnýtt sér verkið á verktímanum, hann hafi ekki tekið sanngjarnt tillit til óska stefnanda um framlengingu verktíma og hann hafi ekki getað fallist á umbeðnar ráðstafanir sem stefnandi vildi gera á verkstaðnum til að draga úr truflun á verkinu vegna umferðar flugfarþega. Stefnandi lagði fram matsgerð dómkvadds matsmanns sem ætlað er að sanna að verktími sá sem ætlaður var til verksins hafi verið allt of skammur. Niðurstaða hins dómkvadda matsmanns er sú að stysti raunhæfi verktími hafi verið til 1. ágúst 2015, eða tveimur mánuðum eftir umsamin verklok.

5. Stefndi vísar til þess að í samkomulagi aðila hafi frá öndverðu verið gert ráð fyrir því að samningsverkið yrði unnið á afar skömmum tíma við erfiðar aðstæður. Þetta hafi báðum aðilum verið fullkomlega ljóst. Stefndi vísar til þess að stefnandi gefi sig út fyrir að vera eitt af öflugustu og reyndustu verktakafyrirtækjum landsins og hann hafi þar að auki verulega reynslu af verkum í og við flugstöðina. Þetta telur stefndi að hafi skapað stefnanda fyrirtaks aðstöðu til að meta fyrirfram hvort umsamin verktími væri raunhæfur. Stefndi byggir á því að samið hafi verið um áfangaskiptingu verksins og að honum sé á þeim grundvelli unnt að krefjast tafabóta frá því að hverjum áfanga fyrir sig skyldi lokið. Þá vísar stefndi til þess að samkvæmt samningi aðila skyldi stefnandi leggja fram kröfur vegna verksins, þar á meðal um framlengingu verktíma, eftir tilteknum reglum þar sem gert var ráð fyrir að kröfur yrðu að koma fram innan 28 daga frá því að tilefni til þeirra skapaðist. Stefndi telur að með því að kröfur stefnanda um framlengingu verktíma hafi flestar komið fram eftir að fresti hans til að

gera kröfurnar hafi verið lokið sé sér óskilyt að taka tillit til þeirra. Stefnandi tekur fram að aðeins hafi verið reiknaðar einfaldar tafabætur vegna verksins, sem hafi verið skilað 26. júlí 2015, eða 56 dögum eftir skiladag samkvæmt verksamningnum. Þá hafi stefnandi fallist á framlengingu verktíma um ellefu og hálfan dag. Stefnandi telur hins vegar að tafabætur eigi að reikna frá 16. apríl 2015 þar sem á þeim degi hafi stefnandi verið kominn fram yfir tímamörk samkvæmt umsaminni áfangaskiptingu verksins.

6. Dómurinn telur að af útboðsgögnum þeim sem stefnandi gaf út og lágu til grundvallar tilboði stefnanda og samningi aðila hafi verið ljóst að verk það sem stefnandi tók að sér skyldi unnið á afar stuttum tíma. Í ljósi fagþekkingar stefnanda og reynslu af sambærilegum verkum verður að álykta að honum hafi mátt vera ljós áhættan af þessum stutta verktíma og borið að gera ráðstafanir, umfram þær sem hann gerði, til að tryggja tímanlegar efndir verksamningsins. Dómurinn telur ljóst að stefnandi hafi, einkanlega á fyrsta hluta verktímans, ekki staðið þannig að verki að líklegt væri að hann gæti staðist verkáætlun. Þannig hafi verkið í byrjun verið undirmannað og ekki nægjanlega vel skipulagt með tilliti þess skamma tíma sem stefnandi hafði til að ljúka því. Þá fellst dómurinn á þann málalíbúnað stefnda að samkvæmt samningi aðila hafi stefnandi borið að standa þannig að kröfugerð sinni vegna framlengingar verktíma að slíkar kröfur kæmu fram innan þeirra tímamarka sem samningurinn setti, eða innan 28 daga. Sá áskilnaður var ekki einasta umsaminn með aðilum heldur virðist hann vera hóflegur og sanngjarn. Ekkert tilefni er því til að víkja frá kröfum þeim sem í samningnum eru gerðar til aðila að þessu leyti.
7. Dómurinn telur að þrjár af kröfum stefnanda um framlengingu á verktíma hafi komið fram á þeim fresti að samræmdist ramma útboðslýsingar um að krafa um framlengingu verks yrði að koma fram ekki seinna en 28 dögum eftir að kröfuréttur skapaðist. Sú fyrsta er krafa um 14 daga framlengingu á verktíma vegna skorts á útfærslu á tengingu þaks við eldri byggingu á tilteknu bili. Krafan kom fram 25. júní 2015. Stefnandi hafnaði þessari kröfu á þeim grundvelli að hún hefði þurft að koma fram áður en verkþættinum lauk, um miðjan júní. Jafnframt heldur stefnandi því fram að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að umrædd töf hafi haft áhrif á bundna leið verksins. Dómurinn hafnar því

að krafan hefði þurfi að vera komin fram áður en verkþættinum lauk en aftur á móti fellst dómurinn á það að stefnandi hafi ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að meint töf við útfærslu á tengingu þaks við eldri byggingu hafi haft áhrif á bundna leið verksins. Önnur krafan er krafa stefnanda um tíu daga verkframlengingu þar sem tenging flísalagnar við eldri flísalögn hafi ekki verið framkvæmanleg með þeim hætti sem gert var ráð fyrir af hálfu verkkaupa. Samkvæmt gögnum málsins fékk stefndi annan verktaka til að vinna þennan verklið og lauk tengingu flísalagnar við eldri flísalögn 27. júlí 2015, eða einum degi eftir að flísalögn lauk á nýja hlutanum. Unnið var jafnhliða við flísalögn og við frágang samskeyta eldri og nýrri flísalagnar. Dómurinn fellst á þau rök stefnda að vinna við frágang samskeytanna hafi ekki haft áhrif á verktíma stefnanda. Þriðja krafan er um átta daga framlengingu vegna ýmissa atvika sem varða tíðarfar á verktímanum og vegna ófyrirséðra ráðstafana sem þurft hafi að gera til að styrkja eldri byggingu stefnda þar sem viðbyggingin kom að. Með bréfum stefnanda, dagsettum 16. apríl og 14. maí 2015, er farið fram á verkframlengingu vegna ýmissa atvika í alls 16 daga. Með bréfi eftirlitsaðila stefnda 1. júní 2015 er fallist á framlengingu á verktíma um átta daga. Með bréfi stefnanda 22. júní 2015 er ítrekuð krafa hans frá 14. maí 2015 og farið fram á að verktími framlengist um sjö og hálfan dag til viðbótar við þá daga sem eftirlitsaðili var þegar búinn að samþykkja. Með bréfi frá eftirlitsaðila stefnda 7. júlí 2015 er fallist á tvo daga til viðbótar við þá átta daga sem þegar voru samþykktir af hálfu stefnda. Þær kröfur sem eftir standa eru einn dagur vegna hvassviðris og innstreymis vatns í grunn frá bílaplani. Þá er hálfur dagur vegna steypuhnalla sem ekki voru sýndir á útboðsteikningum, og krafa um fjóra daga vegna styrkingar á sökkli í syðri tengigangi. Meginrök stefnda fyrir því að hafna framlengingu um sjö og hálfan dag eru þau að stefnandi hafi haft mjög rúman tíma til að steypa styrkingu á sökkli í syðri tengigangi. Þá telur stefndi að vinnu við steypuhnall hafi verið unnt að vinna samhliða öðrum verkþáttum og varðandi kröfu um verkframlengingu um einn dag vegna hvassviðris þá sé ekkert minnst á hvassviðri í dagsskýrslum né heldur megi sjá að vinna hafi stöðvast vegna þess. Dómurinn fellst á niðurstöðu stefnda varðandi afstöðu til nefndra krafna stefnanda um verkframlengingu og telur ekki efni til að endurskoða þá afstöðu eða hnekkja mati stefnda.

8. Stefndi hefur talið sig eiga rétt til þess að krefja stefnanda um dagsektir frá 16. apríl 2015 til þess dags er stefnandi skilaði verki sínu þann 26. júlí sama ár. Grundvöllur þessarar kröfugerðar er sá að með aðilum hafi verið samið um áfangaskiptingu verksins og að dagsektir samkvæmt samningum gætu komið til ef verktaki færi fram yfir slíkar umsamdar dagsetningar áfangaskiptingar. Dómurinn telur á hinn bóginn að af samningum aðila og útboðsgögnum verði ekki ráðið að um eiginlega áfangaskiptingu hafi verið að ræða. Þannig er ekki gert ráð fyrir sérstökum úttektum vegna hvers áfanga, sem fóru enda ekki fram. Framsetning áfangaskiptingar í útboðslýsingu virðist heldur ekki rökrétt miðað við eðli og umfang verksins og þann skamma tíma sem því var markaður. Þannig virðast áfangar samkvæmt samningnum ekki skapa grundvöll til að taka verkið í notkun í áföngum. Dómurinn lítur því svo á að með áfangaskiptingunni hafi fyrst og fremst verið settur rammi um framgang verksins en ekki eiginleg áfangaskil. Þá verður, hvað sem öðru líður, að virða það stefnda í óhag að samningur aðila er ekki svo ljós sem vera þyrfti til að svo íþyngjandi kvaðir sem áfangaskipting fæli í sér verði lagðar á stefnanda samkvæmt honum. Niðurstaða dómsins verður samkvæmt framansögðu sú að stefnda hafi verið rétt að krefja stefnanda um tafabætur sem hér segir: Verkinu var skilað 26. júlí en umsamin verklok skyldu vera 1. júní. Verkið hafði þá tafist í 56 daga. Af þeirri töf hefur stefndi fallist á að ellefu og hálfur dagur sé ekki á ábyrgð stefnanda. Þá ber að líta til þess að stefndi hagnýtti sér hluta verksins frá 29. júní 2015 vegna innanhússfrágangs í óskyldum verksamningi. Því telur dómurinn hæfilegt að stefnandi beri 500.000 króna dagsektir á tímabilinu frá 12. júní 2015 til 29. júní 2015 og 250.000 króna dagsektir á tímabilinu frá 29. júní 2015 til verkloka, eða alls 15.250.000 krónur, sem stefnda er rétt að skuldajafna gegn uppgjörskröfu stefnanda. Málskostnaður þykir, að teknu tilliti til þessarar niðurstöðu og málatilbúnaðar aðila, hæfilega ákveðinn eins og greinir í dómsorði. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Helga Sigurðssyni héraðsdómara og Eyþóri Rafni Þórhallssyni verkfræðingi.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Isavia ohf., greiði stefnanda, Íslenskum aðalverktökum hf., 30.250.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga af 25.250.000 krónum frá 30. júní 2015 til 30. september 2015 en af

30.250.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda tvær milljónir króna í málskostnað.

Ástráður Haraldsson  
Helgi Sigurðsson  
Eypór Rafn Þórhallsson